

Ár 2019, fimmtudaginn 5. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Halldóri Frímanssýni, Helga R. Magnússýni og Sigurði Inga Halldórssýni.

Fyrir er tekið málið nr. 13/2019:

Knattspyrnudeild Breiðabliks
gegn
Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt. 410284-1389,
Dalsmári 5,
201 Kópavogur.
Fyrirsvarsmaður: Sigurður Hlíðar Rúnarsson.

Kærði:

Knattspyrnudeild FH, kt. 410697-1359.
Kaplakrika
220 Hafnarfjörður.
Fyrirsvarsmaður: Birgir Jóhannsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. september sl. Ekki var óskað eftir greinargerð frá FH þar sem brot var viðurkennt af hálfu félagsins.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Breiðablik og FH í 3. flokki karla B-liðum A sem leikinn var 29. ágúst sl. á Kaplakrikavelli, verði breytt og Breiðablik verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að FH hafi teft fram ólöglegu liði. Þeir hafi notað leikmenn sem byrjuðu með A-liði í sama aldursflokki í umferðinni á undan og voru því ólöglegir með B-liði.

Alls hafi fjórir leikmenn leikið ólöglega með B-liðinu. Þessir leikmenn léku með A liði leikinn á undan. Leikmennirnir hefðu haft mikil áhrif á umræddan leik og af þeim sökum fer Breiðablik fram á að úrslitum leiksins sé breytt og að leikurinn verði skráður 0-3 Breiðablik í vil.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til greinar 26.1.8. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir: *Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.*

Kærandi vísar einnig til leikskýrslu frá leik A liðs FH gegn HK þann 26.08.2019. Þar hafi eftirfarandi leikmenn spilað og voru því ólöglegir með B-liði í þeim leik sem kærður er:

Rafael Darri Sævarsson
Auðun Gauti Auðunsson
Bjarki Dan Andrésson
Dagur Már Oddsson

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag FH hafi teft fram ólöglega skipuðu liði í leik FH og Breiðablik í A riðli í Íslandsmóti 3. flokki karla B, sem leikinn var 29. ágúst sl. á Kaplakrikavelli. Fyrir liggur í gögnum málsins að B lið FH í fyrrnefndum leik var m.a skipað fjórum leikmönnum, sem leikið höfðu með A liði félagsins í 3. flokki karla í næsta leik á undan. Um ræðir leik HK gegn FH í A deild 3. flokks karla sem fram fór þann 26. ágúst.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Breiðablik, er úrskurðaður 0-3 sigur gegn FH í leik liðanna þann 29. ágúst 2019 í A riðli í Íslandsmóti 3. flokki karla B.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik FH og Breiðablik í A riðli í Íslandsmóti í 3. flokki karla B, sem leikinn var á Kaplakrikavelli þann 29. ágúst sl., er breytt og Breiðablik úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, FH, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Halldór Frímansson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]